

Anna Sigrún Rafnsdóttir fararstjóri í gönguverkefninu Komdu út í íslenska sumarið 2020



Anna Sigrún ólst upp í þorpinu hér á Akureyri. Ástríða hennar fyrir útivist byrjaði snemma og var umhverfið sem hún ólst upp í góður vettvangur fyrir allskonar útivist. Snemma gekk hún til liðs við skátahreyfinguna sem styrkti áhuga hennar á útivistinni. Um leið og hún hafði aldur til gekk hún í Hjálparsveit skáta og síðar í Björgunarsveitina Súlur. Hún starfaði mörg ár í Björgunarsveitinni og var lengi skyndihjálparleiðbeinandi í Björgunarskóla Landsbjargar.

Í dag er hún sjálfboðaliði hjá Rauða Krossi Íslands og kennir þar m.a. skyndihjálp.

Fjallgöngur hafa lengi átt hug og hjarta Önnu Sigrúnar og skipta fjöllin hundruðum sem hún hefur gengið á í gegnum tíðina.

Anna Sigrún hefur lengst af starfað sem grunnskólakennari en er í dag ráðgjafi hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Uppáhalds útivistarsvæði Önnu Sigrúnar:
Eyjafjörður með öllum sínum möguleikum